

Sp.

437. Fyrirspurn

[259. mál]

til viðskiptaráðherra um vanskil í bönkum og sparisjóðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru heildarinnlán og útlán í einstökum bönkum og sparisjóðum á árunum 1983 og 1984, og hver var hlutur hvernar af helstu atvinnugreinum og þjónustustarfsemi í þeim?
2. Hver voru heildarvanskil vegna útlána og ábyrgða í einstökum bönkum og sparisjóðum í árslok 1982, 1983 og 1984?
3. Hversu miklir dráttarvextir voru greiddir hin sömu ár vegna vanskila og hversu hátt hlutfall var það af vaxtatekjum hvers banka og sparisjóðs?
4. Hversu miklar vanskilaskuldir voru sendar lögfræðingum til innheimtu á árunum 1982, 1983 og 1984 og hve mikill var innheimtukostnaður af þeim sökum? Hve oft leiddu innheimtuaðgerðir til uppboða hjá skuldara?

Sérstaklega er óskað að fram komi í svörum við ofangreindum spurningum hver hafi verið hlutur einstaklinga í heild, sé þess kostur.